

83. stjórnarfundur í Minjasafni Egils Ólafssonar haldinn á Minjasafninu á Hnjóti föstudaginn 8. apríl 2011 kl. 13.30.

**Mættir :** Björgvin Sigurjónsson og Magnús Ólafs Hansson. Egill Ólafsson boðaði forföll en bað fyrir kveðjur á fundinn. Forstöðumaður tilkynnti áframhaldandi veikindaföll fram yfir komandi pásku.

Fundargerð ritar Magnús Ólafs Hansson.

**Dagskrá:**

1. Ársreikningur 2010
2. Bréf frá Byggðasafni Vestfjarða
3. Bréf frá Sverri Kristjánssyni
4. Tölvupóstur frá Margréti Hallgrímsdóttur
5. Starfssemi safnsins í vor og sumar
6. Önnur mál

Magnús Ólafs Hansson setti fundinn.

**Hér var gengið til dagskrár.**

1. Ársreikningur MEÓ fyrir árið 2010 lagður fram óendurskoðaður. Afgreiðslunni frestað vegna veikinda forstöðumanns.
2. Bréf barst frá Byggðasafni Vestfjarða, meðeigendum af b/s Maríu Júlíu BA – 56. Fram kemur í bréfinu að Byggðasafnið hefur greitt reikninga vegna viðgerða á skipinu ásamt rafmagni til þess fyrir árið 2010. Safnið óska eftir að Minjasafn Egils Ólafssonar greiði helming reikningsins sem nemur 1.280.413 kr. Hlutur Minjasafnsins sé því 640.206 krónur. Stjórnin óskar eftir greiðslufresti á reikningnum þar sem fjárhagur safnsins er í mjög bágur og felur formanni stjórnar að senda Byggðasafni Vestfjarða bréf þessa efnis. Vonir stjórnar eru að hægt verði að greiða umrædda upphæð á haustdögum.
3. Bréf frá leigutaka kaffiteríunnar á Hnjóti vegna reksturs teríunnar komandi sumar.
4. Kynntur tölvupóstur frá Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjaverði er varðar rekstur Minjasafnsins.
5. Opnunartími safnsins komandi sumar verði frá kl. 11.00 til 19.00 alla daga frá og með 21. maí til og með 11. september. Aðgangseyrir verði 1.000 kr. fyrir 16. ára og eldri.

**6. Önnur mál.**


- a. Tölvupóstur barst frá Byggðasafni Vestfjarða vegna áður sends bréfs dagsettu 29. desember 2010 : *Erindi frá Minjasafni Egils Ólafssonar á Hnjóti.*  
*Erindi hefur borist frá minjasafninu um nánari samvinnu og jafnvæl samruna Byggðasafns Vestfjarða og Minjasafns Egils Ólafssonar. Nú þegar er samvinna milli safnanna, t.d. með Mariu Júlíu og hefur það gengið vel. Ákveðið að hitta forsvarmenn safnsins til að ræða málid frekar.* Formanni MEÓ falið að koma á fundi með forráðamönnum Byggðasafns Vestfjarða.
- b. Kostnaðaráætlun hefur borist í að bora eftir vatni fyrir safnið. Áætlunin miðast við að holan verði 70 m. djúp með 3 m. fóðurröri, dælu, vinnu við niðursetningu á dælu og frágangi inn í hús. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir gröfu sem grafa myndi fyrir lögnum. Áætlunin hljóðar upp á 1.100.000 kr. án vsk. Þessari áætlun verði komið til bæjarstjórnar Vesturbyggðar með von um skjóta úrlausn.

- c. Kynnt verkefni sem heitir : „**Endurbyggjum Maríu Júlíu**“. Það hefur verið í undirbúningi um nokkurn tíma, að ýta úr vör fjároflun til að halda áfram uppbyggingu b/s Maríu Júlíu. Eins er unnið að stofnun hollvinasamtaka og munu þau líta dagsins ljós á næstu vikum.

Þorgeir Pálsson fyrrverandi framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hefur tekið að sér, öllum að kostnaðarlausu, að halda utan um þetta átak, sem og stofnun hollvinasamtakanna og verður þetta verkefni unnið í nánu samstarfið við eigendur skipsins sem eru Byggðasafn Vestfjarða og Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti. Í fyrstu verði leitað til sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga sem hafa sýnt málinu áhuga. Eins verður leitað til sjávarútvegsráðuneytisins eftir fjárstuðningi. Í framhaldi af stofnun hollvinasamtakanna, verður málið kynnt í fjöldum og leitað til Vestfirðinga allra, sem og annarra landsmanna. Það er von þeirra sem að þessu standa að þessu erindi verði vel tekið og að með þessu átaki verði hægt að halda áfram uppbyggingu þessa sögufræga skips. Framtíðarsýn aðstandenda er að María Júlia sigli í framtíðinni aftur um Vestfirði, með þeim virðuleik og sóma sem skipið á skilið.

Stjórн Minjasafns Egils Ólafssonar þakkar Þorgeiri Pálssyni fyrir að leiða þetta merkilega átak.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Egil Ólafsson". The signature is fluid and cursive, with "Egil" on top and "Ólafsson" below it. There is also some smaller, less legible text or a date underneath.